

Tillaga að verkefni á nýjan vegvísi um rannsóknarinnviði 2025

Titill verkefnis: Samfélagsgrunnar: Rannsóknarinnviðir til öflugra samfélags

Heiti stofnunar: Háskóli Íslands - Félagsvísindasvið

Vinsamlegast hafið eftirfarandi atriði í huga við gerð tillögunnar

Umsækjandi þarf að svara öllum liðum hér að neðan. Þar sem stendur „Texti“ er hægt að skrifa texta, setja inn myndir eða töflur.

Tillögum að innviðum á vegvísi um rannsóknarinnviði skal skilað á þar til gerðu eyðublaði. Ekki er leyfilegt að eiga við uppsetningu eyðublaðsins.

Skjalið „Tillaga að innviðum á vegvísi um rannsóknarinnviði“ skal að hámarki vera þrjár blaðsíður, auk forsíðu, eða samtals fjórar blaðsíður. Nota skal leturgerð og leturstærð eins og stillt er í eyðublaðinu, þ.e. 11 punkta Calibri (body). Ekki er leyfilegt að breyta breidd spássíu eða beyta fyrirsögnum í eyðublaðinu. Umsókn skal senda inn sem PDF-skjal.

Festur til að skila inn tillögum er til 12. september 2024, kl. 15.00.

Nánari upplýsingar er að finna á [heimasíðu Innviðasjóðs](#) og hjá sérfræðingum Innviðasjóðs hjá Rannís í gegnum tölvupóstfangið innvidasjodur@rannis.is

Lýsing á tillögu til birtingar á heimasíðu Innviðasjóðs

1. Samantekt: Stutt lýsing innviðum

Spurningakannanir eru eitt af helstu rannsóknatækjum félagsvísinda og er Samfélagsgrunnum: Rannsóknainnviðir til öflugra samfélags, ætlað að vera samráðs- og samstarfsvettvangur um gagnaafnanir og gagnagrunna kannana sem eru endurteknar með reglulegu millibili á Íslandi. Í öllum tilvikum er um að ræða alþjóðlegar kannanir eða kannanir sem eru hluti af alþjóðlegum samanburðargögnum. Samfélagsgrunnar verður vettvangur fyrir uppbyggingu, vistun og samráð um þróun slíkra rannsóknainnviða, þar sem þekkingu verður deilt á milli ólíkra verkefna, aðgengi að gögnum verður tryggt og miðlað, og tryggt að öll gögn uppfylli alþjóðlega staðla um vistun og birtingu gagna.

Gert er ráð fyrir að rannsóknainnviðir sem hafa þegar verið í uppbyggingu og nýir rannsóknainnviðir verði hluti af Samfélagsgrunnum. Rannsóknainnviðir sem Ísland hefur þegar tekið þátt í að byggja upp, sem nauðsynlegt að tryggja framhald á eru: [European Social Survey](#) (ESS), [European Values Study](#) (EVS), [International Social Survey Programme](#) (ISSP)¹ og [Íslenska kosningarannsóknin](#) (ÍSKOS)². Um þessar mundir er einnig verið að afla gagna í fyrsta sinn í [Generation and Gender Survey](#) (GGS). Þessir rannsóknarinnviðir gefa kost á að greina hvernig viðhorf og hegðun almennings á Íslandi hefur þróast í samanburði við önnur lönd. Auk þessara rannsóknarinnviða er mikilvægt að Ísland taki þátt í að byggja upp rannsóknarinnviði sem beinast að sérstökum aldursþópum, t.d. [Growing up in Digital Europe](#) (GUIDE) og [Survey of Health, Ageing and Retirement in Europe](#) (SHARE) og jafnframt er mikill skortur á að geta greint fjölmiðlun á Íslandi í alþjóðlegu ljósi og þess vegna er mikilvægt að tryggja þátttöku Íslands í [The Worlds of Journalism Study](#) (WJS), [The Journalistic Role Performance Project](#) (JRP) og [Reuters Institute Digital News Report](#) (RIDNR). Rannsóknarinnviðirnir sem eru hér upptaldir spanna vítt svið innan félagsvísinda og eiga allir það sameiginlegt að um tímaraðgögn er að ræða þar sem er t.d. safnað upplýsingum um fjölmiðla- og upplýsingalæsi, stöðu kynja, pólitískt og félagslegt traust, ójöfnuð og áhyggjur af loftslagsbreytingum svo fátt eitt sé nefnt.

Uppbygging rannsóknarinnviðanna felst í að tryggja þátttöku Íslands í ofangreindum langtímaverkefnum og bæta gögnum frá Íslandi við alþjóðlega gagnagrunna þeirra. Gögnin eru birt í opnum aðgangi, eða í hálf-opnum aðgangi þar sem við á (þar sem sækja þarf um aðgang ef um viðkvæm gögn er að ræða). Íslensk gögn sem ekki verður bætt við alþjóðlega gagnagrunna verða hýst hjá [Gagnís](#) (t.d. íslenski hluti ÍSKOS) en önnur gögn verða hýst hjá hýsingaraðilum hvers verkefnis (t.d. er ESS hýst hjá [Sikt](#) í Noregi). Samfélagsgrunnum verður bæði ætlað að tryggja áframhaldi uppbyggingu þessara rannsóknainnviða og að gera upplýsingar um aðgengi og möguleika á nýtingu gagnabankanna aðgengilegar á einum stað. Jafnframt verður til samráðsvettvangur og þekkingarmiðlun um framkvæmd spurningakannana og hvernig má tryggja gæði gagnanna (t.d. hvort og hvernig þarf að

¹ Ísland hefur tekið þátt í ESS frá 2004, í EVS 1981 og í ISSP 2009.

² ÍSKOS hefur verið framkvæmd við hverjar Alþingiskosningar frá 1983. Gögn ÍSKOS í þremur hlutum; könnun meðal kjósenda eftir kosningar (frá 1983), könnun meðal frambjóðenda (frá 2009) og könnun meðal kjósenda á meðan á kosningabaráttu stendur (frá 2016). ÍSKOS er hluti af erlendum samanburðargögnum sem eru: the [Comparative Studies of Electoral Systems](#) (CSES), [Comparative Candidate Surveys](#) (CCS) og True European Voter (TEV) sem er hýst hjá [GESIS](#).

bregðast við lækkandi svarhlutfalli, eða hvernig á að tryggja að svarendur í úrtaki endurspegli nokkurn veginn það þýði sem úrtakið er dregið úr).

Verkefnið verður hýst við Háskóla Íslands (HÍ), leitt af Félagsvísindasviði HÍ, í samstarfi við GAGNÍS sem er gagnabjónusta félagsvísinda og Félagsvísindastofnun HÍ. Leitað verður formlegs samstarfs við önnur svið og stofnanir og ber þar helst að nefna Háskólann á Akureyri og önnur svið innan HÍ (svo sem Menntavísindasvið og Heilbrigðisvísindasvið). Aðrir mögulegir samstarfaðilar eru t.d. Hagstofa Íslands, Landlæknisembættið, Varða rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, Landskjörstjórn, Fjölmiðlanefnd og Blaðamannafélag Íslands.

2. Meginmarkmið með uppbyggingu innviða?

Meginmarkmið verkefnisins er að tryggja áframhaldandi uppbyggingu og aðgengi að mikilvægum rannsóknainnviðum í félagsvísindum á Íslandi, sem eiga það sameiginlegt að afla gagna með viðamiklum könnunum sem eru lagðar fyrir endurtekið og eru hluti af alþjóðlegum öflugum samstarfsverkefnum. Verkefninu er ætlað að:

- Tryggja framgang endurtekinna kannana á sviði félagsvísinda
- Stuðla að og tryggja uppbyggingu og uppfærslu gagnabanka í félagsvísindum sem þegar eru til, ásamt því að byggja upp nýja gagnabanka
- Stuðla að og tryggja að gögn og gagnabankarnir uppfylli alþjóðlega staðla um lýsigögn
- Tryggja aðgengi að alþjóðlegum samanburðargögnum og gagnabönkum þar sem hægt er að bera Ísland saman við önnur ríki
- Veita rannsakendum og öðrum aðgang að gögnum í opnum aðgangi, eða þar sem við á í hálf-opnum aðgangi
- Miðla upplýsingum til fræðasamfélagsins og til almennings um þau gögn sem eru til, verða til og hvernig þau geta nýst til t.d. rannsókna, stefnumótunar eða kennslu

Þar að auki er eitt af markmiðum verkefnisins að með auknu samráði og samstarfi um spurningakannanir muni það efla bæði skilvirkni við framkvæmd verkefnanna og tryggja þekkingu á framgangi og verkferlum við söfnun gagna og birtingu þeirra í opnum eða hálf-opnum aðgangi.

3. Hvernig mun innviðauppbyggingin stuðla að nýliðun og leiða til aukins samstarfs og betri nýtingar innviða?

Stofnanir sem standa saman að þessari tillögu eru Félagsvísindasvið Háskóla Íslands, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og GAGNÍS, en leitað verður eftir samstarfi við fleiri aðila og stofnanir. Þær stofnanirnar sem standa að þessari tillögu eiga þegar í miklu samstarfi á sviði rannsókna, rannsóknþjálfunar, nýliðunar og aðgengis að gögnum³. Með tilkomu Samfélagsgrunna mun samstarfið aukast enn frekar og verður vonandi víðtækara með fleiri samstarfsaðilum. Samfélagsvísar munu veita tækifæri til að ná fram mun meiri samlegðaráhrifum en nú er þar sem lögð er áhersla á samstarf um nýtingu og gæði gagna, ásamt miðlun þeirra til fræðasamfélagsins og almennra borgara. Öflugri samhæfing og

³ Sem dæmi um mikilvægi þess að veita opinn aðgang að rannsóknargögnum má benda á að gagnasöfn ÍSKOS sem hýst eru hjá GAGNÍS hafa verið sótt tæplega 1700 sinnum frá árinu 2021 þegar núverandi hýsingarkerfi GAGNÍS var tekið í notkun. Þessi mikla notkun gagnanna skýrist meðal annars af því hversu víða þau hafa verið notuð til kennslu og þjálfunar í gagnaúrvinnslu.

Þekkingarmiðlun á milli þeirra sem standa að uppbyggingu rannsóknainnviða í félagsvísindum mun leiða til að aukinnar skilvirkni og aukið aðgengi mun leiða til betri nýtingar á rannsóknainnviðunum.

4. Hverju munu innviðirnir breyta miðað við stöðuna í dag?

Fjármagn til Samfélagsgrunna mun tryggja að hægt sé að safna langtímagögnum um fjölbreytta og mikilvæga þætti, svo sem afstöðu almennings til ólíkra málefna, líðan þeirra og framtíðarsýn, þar sem unnt verður að greina íslenskt samfélag í alþjóðlegu samhengi á fleiri sviðum en áður hefur verið unnt að gera. Með því að tryggja uppbyggingu þeirra gagnagrunna sem heyra undir Samfélagsgrunna, miðlun upplýsinga um gögnin og hvar er hægt að nálgast þau í opnum eða hálf-opnum aðgangi, verður aðgengi fræðafólks, kennara og nemenda að gagnagrunnum bæði auðveldað og tryggt til framtíðar. Rannsakendur og aðrir geta þá beint kröftum sínum í að vinna úr gögnunum og birta niðurstöður rannsókna sem byggja á gögnunum. Samfélagsgrunnum er ætlað að vera yfirbygging sem tryggir gæði þeirra kannana sem saman mynda rannsóknarinnviðina, þar sem tryggt verður að öflun gagna, frágangur og framsetning sé með réttmætum og gagnsækjum hætti.

5. Framtíðarsýn uppbyggingar og reksturs

Með uppbyggingu Samfélagsgrunna verður tryggt að framhald verði á öflun samanburðarhæfra gagna um viðhorf og afstöðu fólks sem býr á Íslandi til mikilvægra málefna, svo sem trausts til stjórn mála, vellíðan og lífsgæða, öryggistilfinningar og upplýsingaleitar. Jafnframt verða til nýir rannsóknainnviðir um t.d. fjölmiðla- og samfélagsmiðlanotkun, líðan barna og eldra fólks og stöðu kynja, bæði í innlendum og erlendum samanburði. Markmið umsækjenda er að tryggja samráðsvettvang Samfélagsgrunna til framtíðar, hvort sem það verður í formi stofnunar eða formlegs samstarfs á milli aðila sem vinna að uppbyggingu slíkra rannsóknainnviða, innan háskólasamfélagsins, á vegum hins opinbera eða annarra aðila.

6. Áætluð fjármögnunarpörf næstu ár

Áætluð fjármögnunarpörf frá 2025 til 2030 er í tveimur liðum. Í fyrsta lagi þarf að fjármagna stöðu sérfræðings hjá Samfélagsgrunnum sem mun sjá um rekstur, uppbyggingu, framkvæmd, samhæfingu og eftirfylgd þeirra verkefna sem heyra undir Samfélagsgrunna (t.d. miðlun upplýsinga, kostnaðaráætlunar og undirbúnings gagnaöflunar fyrir hvern verkhluta um sig). Ef miðað er við laun lektors er áætlaður launakostnaður árlega 15 milljónir, eða samtals 75 milljónir yfir sex ára tímabil. Í öðru lagi þarf að tryggja fjármögnun fyrir hverja gagnaöflun og frágang gagna til birtingar í opnum aðgangi, bæði fyrir þau gögn sem verða birt hjá GAGNÍS og þau sem verða birt hjá erlendum hýsingaraðilum⁴. Áætla má að fjármagnspörf fyrir lið tvö verði á bilinu 550-650 milljónir yfir allt tímabilið. Samtals kostnaður fyrir báða liði verður því á bilinu 625 til 725 milljónir. Gerð verður frekari greining og sundurliðun á kostnaði áður en umsókn um stöðu á Vegvísi verður send inn þann 1. nóvember.

⁴ Þær gagnaþjónustur sem taka við og birta gögn úr þeim verkefnum sem hér um ræðir haga starfsemi sinni í öllum tilvikum þannig að þjónustan sé bæði gagnaeigendum og notendum að kostnaðarlausu. Enginn beinn kostnaður mun því falla til þegar formlega hefur verið gengið frá viðkomandi gögnum til birtingar.